



Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 7. desember 2011, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður, Herdís Matthíasdóttir og Egill Sigurgeirsson. Einnig
sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. **1106001 - Deiliskipulag fyrir fjögur svæði vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi nr. 60.**

Auglýst var eftir athugasemdum skv. skipulagsögum nr. 123/2010 við eftirfarandi deiliskipulagstillögur.

1. Vestfjarðarvegur, Kjálkafjörður
2. Vestfjarðarvegur, Litlanes
3. Vestfjarðarvegur, Kirkjuból
4. Vestfjarðarvegur, Mjóifjörður

Engar athugasemdir bárust á auglýstum tíma og telst því skipulagið samþykkt.

2. **1106002 – Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018 Þórisstaðir í Þorskafirði.**

Skipulagslýsingar vegna breytingu á Aðalskiplagi Reykhólahrepps 2006 – 2018 og vegna deiliskipulags Þórisstaða í Þorskafirði. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, deiliskipulagstillaga og uppdrættir. Frá X2 Hönnun og ráðgjöf 28. nóvember 2011.

Með vísan í 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkir skipulagsnefnd Reykhólahrepps meðfylgjandi lýsingu vegna fyrirhugaðrar skipulagsvinnu í landi Þórisstaða í Þorskafirði og mælist til að lýsingin verði send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar og kynnt íbúum.

3. **1112005 – Breytinga á deiliskipulagi fyrir hótelið í Bjarkalundi í Reykhólahreppi.**
Deiliskipulag sent frá Landslagi ehf. 25. nóvember 2011.

Athugasemdir bárust frá Vegagerðinni vegna manar við afleggjara. Skipulagsnefnd telur athugasemd minniháttar og hefur tillagan verið lagfærð samkvæmt því. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti.

4. **1111014 - Fjárhagsáætlun 2012.**

Farið yfir þá liði í fjárhagsáætluninni sem tilheyra nefndinni. Tillögur verða lagðar fyrir sveitarstjórn.

**5. 1112001 - Þjónustusamningur um skoðun og viðhald búnaðar
brunaviðvörðunarkerfis.**

Tveir samningar, fyrir Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð og fyrir Reykhólaskóla.

*Nefndin leggur til að gengið verði frá þjónustusamningum um skoðun og viðhald
búnaðar á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Barmahlíð og Reykhólaskóla við Jón Steinar
Eyjólfsson.*

Mál til kynningar:

6. 1111027 - Umhverfisstefna hafna.

Erindi frá stjórn Hafnarsamband Íslands dagsett 21. nóvember 2011.

Kynnt.

**7. 1112002 - Dreifibréf til sveitarfélaga v. 5.tl. bráðabirgðarákvæðis laga nr.
123/2010.**

Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 14.nóvember 2011.

Kynnt, skipulags- og byggingafulltrúi er með málið í vinnslu.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12:30
